

Mögulegar áskoranir vegna stofnunar þjóðgarðs á miðhálandinu¹

Þjóðgarður og samgöngur

Á fyrri stigum umræðna um miðhálandisþjóðgarð (m.a. við vinnu skýrslu um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu) hafa vaknað spurningar um hvort slíkur garður komi í veg fyrir vegaframkvæmdir á miðhálandinu. Helst var þar verið að vísa til stofnveganna Sprengisandsvegur og Kjalvegur.

Því er til að svara að stofnun þjóðgarðs kemur ekki í veg fyrir að vegir séu lagðir eða bættir innan marka þjóðgarðs. Þó er gerð ríkari krafa innan verndaðra svæða um að ef farið er í vegaframkvæmdir þá þurfi þær að byggja á markmiðum stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis, t.d. varðandi landslag og upplifun.

Deilur um aðgengi í Vonarskarði í Vatnajökulsþjóðgarði hafa átt sér stað síðan slóða sem lá nálægt Snapadal, viðkvæmu gróður- og háhitasvæði vestarlega í Vonarskarði, var lokað þegar þjóðgarðurinn var stofnaður. Svæðisráð þjóðgarðsins (skipað þremur sveitastjórnarfulltrúum þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði, einum fulltrúa ferðamálasamtaka á viðkomandi svæði, einum fulltrúa útivistarsamtaka og einum fulltrúa umhverfisverndarsamtaka) og stjórn ákváðu að slóðanum yrði lokað. Þetta hafa SAMÚT (Samtök útivistarfélaga) gagnrýnt og kallað eftir opnun nýs slóða austar í Vonarskarði.

Þjóðgarður og hefðbundin nýting

Umræður um beit og veiðar og hvort slík nýting rúmist innan þjóðgarðs hafa komið upp í umræðum um þjóðgarð á miðhálandinu. Með lögum nr. 61/2006 um lax og silungsveiði er kveðið á um veiðar og nýtingu í veiðivötnum sem lögbundin veiðifélög hafa jafnan á hendi. Margt konar veiði er stunduð á miðhálandinu, s.s. skotveiði á rjúpu, gæsum, öndum, hreindýraveiði og silungsveiði í ám og vötnum. Reglugerð um refa- og minkaveiðar nr. 437/1995 með síðari breytingum fjallar um stjórnun veiða á ref og mink í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af völdum þessara tegunda.

Fram kom við vinnu skýrslu um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu að þegar unnið var að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hefði gætti tortryggni meðal sumra bænda sem óttuðust að missa beitolönd. Sú varð ekki raunin ekki heldur voru beitarsvæði skilgreind sérstaklega sem landsvæði þar sem sjálfbær hefðbundin nýting fer fram.

Einnig má nefna að sauðfjárbreit er heimil í þjóðgarðinum Snæfellsjökli og er þar talin gera ákveðið gagn (menningarminjar í garðinum sjást betur og hverfa ekki í sinu). Sveitarfélagið Snæfellsbær óskaði hins vegar eftir því að stórgripabeit væri ekki leyfð í þjóðgarðinum og er hún því bönnuð.

Í Þingvallabjóðgarði er það Þingvallanefnd sem setur sérstakar reglur um búskap á bújörðum sem eru innan þjóðgarðsins.

¹ Punktur teknir saman af verkefnisstjóra að beiðni nefndar.

Varðandi veiði þá hefur Skotveiðifélag Íslands m.a. gagnrýnt að afmarkað hafi verið veiðigríðland á Snæfellsöræfum í Vatnajökulsþjóðgarði.

Þjóðgarður og skipulagsábyrgð sveitarfélaga

Umræður um samspil skipulagsábyrgðar sveitarfélaga á miðhálandinu og stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðs á miðhálandinu hafa reglulega komið upp.

Ef horft er til þeirra þriggja þjóðgarða sem hér eru þá er stjórnsýsla þeirra allra ólík eins og staðan er í dag:

Í **Þingvallapjóðgarði** er það Þingvallanefnd sem tekur ákvarðanir um stjórnun og vernd svæðisins.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull heyrir undir Umhverfisstofnun.

Ath. Verði frumvarp um nýja stofnun náttúruverndarsvæða að veruleika mun stjórnskipulag ofangreindra þjóðgarða breytast. Þ.e. sveitarfélög á viðkomandi svæðum munu koma að stjórn þeirra.

Stjórnsýsla **Vatnajökulsþjóðgarðs** er valddreifð þar sem fulltrúar sveitarfélaga mynda meirihluta í stjórn garðsins og skipa helming fulltrúa í svæðisráðum garðsins.

Ferlið er þannig að stjórnunar og verndaráætlanir fyrir garðinn eru unnar eftir tillögum svæðisráða og lagðar fyrir stjórn:

- Svæðisráðin eru fjögur og eru sex fulltrúar í hverju svæðisráði. Þrjú eru tilnefndir af sveitastjórnnum þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði, einn fulltrúi er tilnefndur sameiginlega af ferðamálasamtökum á viðkomandi svæði, einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum og einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum. Svæðisráð kýs sér svo formann úr hópi sveitarstjórnarmanna og varaformann.
- Tillögur að verndaráætlunum fyrir hvert svæði eru svo unnar af svæðisráðum og lagðar fyrir stjórn garðsins sem hefur yfirumsjón með gerð tillögu að verndaráætlun og reglugerðar fyrir þjóðgarðinn.
- Í stjórninni sitja sjö fulltrúar; formenn allra svæðisráða þjóðgarðsins (fjórir aðilar sem eru fulltrúar sveitarfélaga), einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra án tilnefningar, þ.e. formaður og varaformaður.
- Sveitarstjórnir þurfa svo að fylgja efni verndaráætlana sem svæðisráð og stjórn hafa unnið að, við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Þjóðgarður og virkjanaframkvæmdir

IUCN (Alþjóðanáttúruverndarsamtökin) hafa skilgreint viðmið um hvað skuli hafa í huga þegar verndarsvæði eru sett á laggirnar (protected area categories <https://www.iucn.org/theme/protected-areas/about/protected-area-categories>)

Um er að ræða sjö verndarflokka. Sex þeirra gera ekki ráð fyrir iðnvæðingu innan svæðis en einn þeirra útilokar ekki framkvæmdir af því tagi. Þó eru ýmislegt sem þarf að taka til skoðunar í því samhengi. Samkvæmt upplýsingum frá sérfræðingum IUCN þá veltur það m.a.:

- Umfanginu. Um hvaða skala er verið að ræða (stórframkvæmdir vs. að virkja bæjarlækin við t.d. gönguskál til að útvega nokkur kílóvolt á þann hátt í stað þess að brenna olíu, o.s.frv.).
- Staðsetningu og áhrifum mögulegar framkvæmdar á landslagsheildir, náttúruminjar, ár, o.fl.
- Krafna um takmarkanir á *non-industrial* væðingu innan verndarsvæðis.

Friðlýsing samkvæmt íslenskum náttúruverndarlögum er framkvæmd til að vernda náttúruverðmæti og til að tryggja við rétt okkar og komandi kynslóða til að njóta þeirra. Reglur um friðlýst svæði eru mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila

Samkvæmt lögnum þá eru hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúruminja óheimilar nema samkvæmt undanþágu, sbr. 41. gr.

41. gr. er svohljóðandi:

Undanþága frá ákvæðum friðlýsingar.

Ráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar:

- a. ef það stríðir ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruminja sem friðlýsingin beinist að, eða*
- b. ef öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.*

Umsókn um undanþágu skv. 1. mgr. skal fylgja greinargerð um áhrif fyrirhugaðra athafna eða framkvæmdar á verndargildi náttúruminjanna. Við mat skv. b-lið 1. mgr. skal leggja áherslu á þýðingu viðkomandi svæðis í neti verndarsvæða og eftir atvikum hvort unnt er að stofna samsvarandi verndarsvæði annars staðar. Heimilt er að binda heimild til undanþágu skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á verndargildi minjanna. Ef framkvæmd leiðir til þess að verndargildi friðlýsts svæðis fer forgörðum er heimilt að krefja framkvæmdaraðila, að því marki sem sanngjarnt er, um greiðslu kostnaðar vegna stofnunar nýs verndarsvæðis.

Þjóðgarður og flutningskerfi raforku

Umræða um Sprengisandslínu, háspennulínu yfir Sprengisand hefur verið þó nokkur undanfarin ár.

Í samþykkttri þingsályktun stjórnvalda um stefnu þeirra um lagningu raflína, nr. 11/144, kemur eftirfarandi fram:

1.3. *Meginflutningskerfi* *raforku.*

Í meginflutningskerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum eða umhverfis- eða öryggissjónarmiðum. Með tilliti til umhverfis- og öryggissjónarmiða skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið, eða afmörkuðum köflum hennar, á grundvelli eftirfarandi viðmiða sem réttlæta þá að dýrari kostur sé valinn:

1. *Ef línuleið er innan skilgreinds þéttbýlis, sbr. skilgreiningu á þéttbýli í 2. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.*
2. *Ef línuleið er innan friðlands sem verndað er sökum sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.*
3. *Ef línuleið er við flugvöll þar sem sýnt er að loftlína geti haft áhrif á flugöryggi.*
4. *Ef línuleið er innan þjóðgarðs.*
5. *Ef línuleið er innan friðlands sem verndað er af öðrum sökum en sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.*

Í framangreindum tilvikum skal meta hve langan jarðstreng er tæknilega mögulegt að vera með á viðkomandi stað í meginflutningskerfinu, kostnað og hvaða áhrif útfærslan hefur á afhendingaröryggi og gæði raforku. Ef í framangreindum tilvikum kostnaður við að leggja jarðstreng er ekki meiri en tvisvar sinnum kostnaður við loftlínu á viðkomandi kafla skal miða við að leggja jarðstreng, nema ef ekki er talið tæknilega mögulegt að leggja jarðstreng eða ef loftlína er í umhverfismati talin betri kostur á grundvelli umhverfissjónarmiða. Við samanburð á kostnaði skal miða við núvirtan stofnkostnað. Reglan um hámarkskostnaðarmun gildir þó ekki þegar um er að ræða skilgreint þéttbýli eða friðland sem verndað er sökum sérstaks landslags eða að teknu tilliti til flugöryggis, sbr. 1.–3. tölul. Taka skal mið af afhendingaröryggi raforku og kostnaði við að tryggja það.

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs kemur eftirfarandi fram:

Forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar verður að nýta með sem hagkvæmustum hætti þá orku sem þegar hefur verið virkjuð. Í þeim tilgangi þarf að treysta betur flutnings- og dreifikerfi raforku í landinu, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt. Skoðað verði að hve miklu leyti má nýta jarðstrengi í þessar tengingar með hagkvæmum hætti. Ekki verður ráðist í línulagnir yfir hálendið.